HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði 2. nóvember 2018

Umboðsmaður barna
Kringlunni 1
103 Reykjavík

Hafnarfjarðabæ barst þann 12. júní 2018 erindi frá umboðsmanni barna, dagsett 7. júní sama ár, þar sem umboðsmaður gerir athugasemdir við skipulag matarmála í hádeginu í Áslandsskóla. Athugasemdin sneri að því að aðstaða nemenda var tvískipt í hádegi, annars vegar fyrir nemendum sem kaupa mat í hádegi og hins vegar fyrir nemendur sem koma með eigið nesti í hádeginu til að neyta.

Þetta bréf er svar við erindi umboðsmanns.

Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar tók við erindinu og hafði áður en erindið barst bréflega verið í munnlegri samræðu við embætti umboðsmanns um málefni það sem erindið snýst um.

Erindi umboðsmanns var tekið fyrir í fræðsluráði Hafnarfjarðar þann 26. júní 2018 þar sem eftirfarandi var bókað í fundargerð 395. fundar ráðsins.

> **13. 1806177 - Umboðsmaður barna, erindi**
> Erindi umboðsmanns barna um aðstöðu nemenda Áslandsskóla í matsal grunnskólans.
>
> Fræðslustjóra falið að fylgja erindi umboðsmanns barna eftir. Fræðsluráð leggur áherslu á og að stjórnendur Áslandsskóla taki til endurskoðunar aðstöðu nemenda í matarhléum frá og með nýju skólaári með það fyrir augum að tryggja öryggi, svigrúm til samveru og tækifæri til félagslegar samskipta og tengslamyndunar í matarhléum sem og öðrum stundum innan skóladagsins.

Við tóku sumarfrí og hvíld á grunnskólastarfi. Fræðslustjóri og skólastjóri Áslandsskóla unnu að framkvæmd málsins í sumar. Erindi umboðsmanns kom til umræðu á fyrsta skólaráðsfundi Áslandsskóla haustið 2018, þann 26. október sl. Þar var eftirfarandi samþykkt:

> Skólaráð Áslandsskóla staðfestir með undirskrift sinni breytingar á skipulagi matarmála nemenda í Áslandsskóla. Frá og með deginum í dag geta nemendur setið saman í hádegishléi, hvort sem þeir eru í mataráskrift eða komi með nesti að heiman. (sign)

Frá sjónarhóli skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar er máli lokið og það tilkynnt með bréfi þessu sem svarar jafnframt erindinu frá umboðsmanni barna.

Virðingarfyllst,

Fanney D. Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar